



535. fundur stjórnar SASS

haldinn í Tryggvaskála á Selfossi

15. ágúst 2018, kl. 17:00 – 20:00

Mætt: Eva Björk Harðardóttir, formaður, Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Björk Grétarsdóttir, Helgi Kjartansson, Friðrik Sigurbjörnsson og Grétar Erlendsson. Arna Ír Gunnarsdóttir og Ari Thorarensen gátu ekki setið fyrri hluta fundarins en þau komu á hann undir dagskrárlíð 4. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund nýkjörinnar stjórnar sem haldinn er í Tryggvaskála á Selfossi. Þar sem um nýja stjórn er að ræða lagði formaður til að fundarmenn kynntu sig stuttlega á fundinum og var það gert.

1. Fundargerð

Fundargerð 534. fundar undirrituð.

2. Starfið framundan

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu starfsáætlun stjórnar 2018, drög að dag- og tímasetningu funda fram að áramótum.

Samþykkt að halda stjórnarfundum SASS að jafnaði fyrsta föstudag í hverjum mánuði kl. 13:00. Fram að áramótum verða hins vegar frá þessu tvö frávík en ákveðið er að halda heils dags vinnufund stjórnar 18. september nk. og fundurinn sem vera átti 2. nóvember mun flytjast.

Lögð voru fram til kynningar og umræðu drög að starfsreglum stjórnar. Ákveðið að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

Farið var yfir fundi sem framundan eru en þar má nefna fjármálaráðstefnu sveitarfélaga á vegum sambandsins sem haldin verður 11. – 12. október nk. í Reykjavík og ársþing SASS verður haldið 18. – 19. október nk. í Hveragerði. Gert er ráð fyrir að á vinnufundinum 18. september verði dagskrá ársþingsins að mestu frágengin.

3. Mannauðsstefna SASS

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu drög að mannauðsstefnu SASS.

Ákveðið að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Almenningsamgöngur

Friðrik vék af fundi undir þessum lið vegna tengsla við aðila málsins.

Framkvæmdastjóri kynnti málið en samtökin halda úti rekstri almenningsamgangna á Suðurlandi í samvinnu við Strætó og það er gert á grundvelli einkaleyfis þar um. Þrátt fyrir einkaréttinn hafa rekstraraðilar haldið úti reglubundnum fólksflutningum á Suðurlandi og er það í andstöðu við fyrrgreindann einkarétt. Vegna framangreinds hefur lögmaður SASS, f.h. samtakanna, tilkynnt málið til Samgöngustofu. Gerð er krafa um að þeir beiti sér í málinu enda eru undirliggjandi umtalsverðir fjárhagslegir hagsmunir fyrir samtökin. Málið er nú til meðferðar hjá Samgöngustofu.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vera í samskipum við þá rekstraraðila sem málið varðar.

b. Undirbúningur fyrir landsþing sambandsins 26. – 28. september nk.

Formaður kynnti málið en það sjónarmið hefur komið fram hjá fulltrúum í sveitarstjórnnum á Suðurlandi að nauðsynlegt sé að undirbúa sig vel fyrir þingið. Stjórnin mun því safna saman upplýsingum hjá aðildarsveitarfélögum og út frá því kortleggja þau hagsmunamál sem sveitarstjórnir í landshlutanum vilja leggja megináherslu á á vettvangi sambandsins. Málið verður tekið til nánari skoðunar á vinnufundi stjórnar 18. september nk.

c. Sjúkraþylur á Suðurlandi

Framkvæmdastjóri kynnti málið en fyrir rúmu ári síðan var kynning á niðurstöðum skýrslu um mögulega notkun á sjúkraþylum á Suðurlandi. Margrét Sanders, ráðgjafi hjá Strategíu og Styrmir Sigurðarson, forstöðumaður sjúkraflutninga við Heilbrigðisstofnun Suðurlands, kynntu niðurstöður skýrslunnar 30. júní 2017.

Velferðarráðuneytið skipaði starfshóp 9. febrúar sl. um mögulega aukna aðkomu Landhelgisgæslu Íslands (LGH) að sjúkraflugi. Verkefni hópsins er að meta mögulegan ávinning, faglegan og fjárhagslegan, af aukinni aðkomu LHG að sjúkraflugi, bæði með þylum og fastvængjum. Jafnframt meti hópurinn aðra mögulega kosti varðandi sjúkraflug með þylum, meðal annars með hliðsjón af tillögum þeim sem lagðar voru fram í fyrrgreindri skýrslu um sjúkraflutninga með þylum frá í júní 2017. Gert er ráð fyrir að niðurstaða starfshópsins liggi fyrir á næstu dögum.

Afgreiðslu málsins frestað þar til niðurstaða starfshópsins liggur fyrir.

d. Mikilvægi flutningskerfis raforku

Núverandi staða flutningskerfis raforku er stjórn SASS mikið áhyggjuefni. Stjórn SASS leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að áfram verði staðinn vörður um uppbyggingu á öflugum flutningskerfi raforku sem er afar mikilvægur þáttur í byggða- og atvinnuþróun um land allt. Vel uppbyggt flutningskerfi raforku hefur áhrif bæði á gæði raforku og öryggi við



afhendingu á henni. Samfélagslegur kostnaður vegna ótryggrar orkuafhendingar og flökts í spennu er umtalsverður. Samfélögin reiða sig á tryggja afhendingu raforku og í nýlegu straumrofi í Hveragerði mátti einnig sjá áhrif þess á fyrirtæki sem urðu fyrir beinu tjóni vegna stöðvunar framleiðslu og tjóns á búnaði.

e. Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019

Framkvæmdastjóri kynnti málið. Niðurstaða fundarins var að fá verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands til að fjalla um málið og taka það síðan upp á vinnufundi stjórnar 18. september nk.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 18. september nk.

Fundi slitið kl. 19:55.

Eva Björk Harðardóttir
Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir
Björk Grétarsdóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir
Ari Thorarensen
Helgi Kjartansson
Friðrik Sigurbjörnsson
Grétar Erlendsson